



Fundargerð 20. október 2021

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 20. Október 2021. Mættir: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Guðmundur Kristjánsson, Margrét Theodorsdóttir, Matthías Matthíasson og Bóas Hallgrímsson. Bóas Hallgrímsson ritaði fundargerð.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Hjallastefnan ehf:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri kynnti framvinduskýrslu sína fyrir stjórn. Eitt þeirra mála sem fram kom í framvinduskýrslu og var sérstaklega tekið fyrir sem umræðuliður var athugasemd framkvæmdastjóra um kulnun og kulnunareinkenni í starfi kennara í grunnskólum og stjórnenda. Bóas og Matthías fengu það verkefni að funda sérstaklega um það hvernig Hjallastefnan megi bregðast beint við þeirri vá sem kulnun reynist vera hjá starfsfólki í barnaskólastarfi. Eins kynnti framkvæmdastjóri punkta frá fjármálastýru fyrirtækisins um ársreikning félagsins, en sú vinna er á lokametrunum í samstarfi við KPMG.
3. Helga kynnti framvindu viðræðna á milli nefnda Hjallastefnunnar og Reykjavíkurborgar um framtíð skólastarfs í Öskjuhlíð. Helga upplýsti stjórn um framgang funda og gögn þau er gengið hafa á milli nefnda. Eins var stjórn upplýst um þá tillögu viðræðunefndar Hjallastefnunnar að skipað yrði tvær undirnefndir, bygginganefnd og fjármálanefnd og viðbrögð borgarinnar sem voru jákvæð. Með því fyrirkomulagi er talið að flýta megi fyrir samningum, en til haga skal haldið að tíminn er ekki „velvildamaður“ okkar í ferlinu. Framkvæmdastjóri lýsti samskiptum sínum við verkfræðing sem vinnur að verkefninu fyrir hönd borgarinnar, Kristinn J. Gíslason.
4. Framkvæmdastjóri kynnti framgang verkefnis um framtíðarsýn og áherslur Hjallastefnunnar sem unnið er í samráði við Guðfinnu Bjarnadóttur. Vinnuhópurinn um verkefnið vinnur hörðum höndum að gagnasöfnun og úrvinnslu.
5. Framkvæmdastjóri sagði frá óvenjulegri Hauststefnu Hjallastefnunnar 2021, en stefnan fór ekki fram í raunheimum vegna heimsfaraldurs covid-19. Skólastjórnendur höfðu frjálssar hendur til þess að skipuleggja daginn á sínum vinnustað. Í einhverjum tilfellum sameinuðust skólar og vörðu starfsmenn deginum saman. Miðstöð vann efnispakka, í formi myndbands sem deilt var með skólunum og horft var á á hverjum stað fyrir sig.
6. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um það að fundir eru framundan vegna samninga við Ísafjarðarbæ og Borgarbyggð. Fundur með



Hjallastefnan

Ísafjarðarbæ er hagsaður til þess að skerpa á atriðum í samningi, sama má segja um samninga við Borgarbyggð. Eins er fyrirhugað samtal við embættisfólk í bæjarfélaginu Ölfus, en það samtal snýr að samskiptum á milli aðila.

7. Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn þau staðreynd að Hjallastefnan stendur frammi fyrir áskorunum í Hafnarfirði og Garðabæ varðandi húsakost. Húsakostur er, í báðum sveitarfélögum, að verða þröngur og tími til kominn að kanna möguleika á stækkun skólahúsnæðis. Hugsanleg samlegðaráhrif gætu komið til vegna flutnings af lóð við Nauthólsveg.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Fundi slitið 18:31
